

Náttúruvörur SagaMedica

Félögum í Bandalagi íslenskra græðara stendur nú til boða að kaupa náttúruvörur SagaMedica á heildsöluverði til endursölu fyrir viðskiptavinum sína. Það er Heilsa sem tekur á móti vörupöntunum og sér um afgreiðslu.

SagaMedica býður jafnframt félagsmönnum í BIG velkomna á kynningarbás sinn á afmælishátíð félagsins sem haldin verður á Grand Hótel þann 4. – 5. september næstkomandi.



SagaMedica hefur um árabil rannsakað íslenskar lækningajurtir. Á grunni þessara rannsókna hefur fyrirtækið þróað hágæða náttúruvörur sem hafa notið fádæma vinsælda á íslenskum markaði. SagaMedica hefur nú fimm vörutegundir á markaði sem allar eru unnar úr íslenskri ætíhvönn.

<p>VOXIS - Notað við særindum í hálsi</p> <p>Voxis hálstöflur eru unnar úr ætíhvannalaufi og hafa reynst vel við að draga úr særindum í hálsi og munn. Hálstöflurnar innihalda einnig mentól og eucalyptus sem gefur frískt og hressandi bragð. „Vox“ þýðir rödd á latínu og „IS“ stendur fyrir Ísland. VOXIS táknar þannig hina íslensku rödd.</p>	<p>SagaMemo - Notað til að viðhalda góðu minni</p> <p>SagaMemo er jurtaveig framleidd úr ætíhvönn og blágresi. Rannsóknir benda til þess að samverkandi áhrif þessara jurta geti unnið gegn minnistapi og gleymsku með því að draga úr niðurbroti á mikilvægu taugaboðefni.</p>
<p>SagaPro - Notað við tíðum þvaglátum</p> <p>SagaPro hefur mikið verið notuð af karlmönnum sem hafa tíð nætupvaglát vegna góðkynja stækkunar á blöðruhálskirtli en varan hefur einnig gagnast fólki með ofvirka blöðru. SagaPro er unnið úr laufum ætíhvannarinnar.</p>	<p>Angelica - Notað við kvefi og kvíða</p> <p>Angelica er unnin úr ætíhvannarfræjum sem innihalda fjölmörg lífvirk efni. Reynslan sýnir að regluleg notkun getur dregið úr hættu á sýkingum af völdum kvef- og influensuveira og gefið aukið þrek. Regluleg notkun er einnig talin draga úr kvíða. Angelica er fánleg sem jurtaveig og sem töflur.</p>